

SANNFRÆÐI OG VANFRÆÐI UM EÐLI DRAUMA

I

Alla leið aftan úr forneskju hefir mannkynið haft hinn mesta áhuga á draumum sínum, og það eru ósköpin öll, sem um það efni hefir verið rætt og ritað. Og þó er nú komið í ljós, að þar er um að ræða mál, sem er margfaldlega miklu þýðingarmeira en haldið hefir verið, og að fullkomnari skilningur á því, varpar nýju og óvæntu ljósi yfir heiminn og lífið. Og ekki ætti það að draga úr áhuganum, að hér ræðir um það sem hver greindur og athugull maður getur skilið af eigin efnum. Ég hefi einhversstaðar lesið, að tala þeirra manna sem séu svo vel að sér í stærðfræði, að þeir geti skilið afstæðiskenningu Einsteins, muni varla skipta hundruðum. Hér er allt öðru máli að gegna. Hver yðar sem vill reyna nágu rækilega, getur af eigin athugun gengið úr skugga um það, á hverju ég byggi ályktanir mínar. Hann getur sjálfur lært að átta sig á því hvernig hann skiptir um meðvitund þegar hann vaknar og sofnar. Sjálfur getur hann gert sér ljóst, að það sem hann sér í draumi, er honum aðeins ör-sjaldan, eða jafnvel aldrei, kunnugt úr vöku. Hann getur af eigin athugun sannfærst um, að hann verður að rekja drauma sína til sambands við íbúa einhverrar jarðstjörnu. Og að endingu getur hann sjálfur lært að taka eftir þeim miklu og merkilegu áhrifum, sem fólkid í kring um hann og hið andlega andrúmsloft sem hann lifir og hrærist í, hefir á drauma hans.

Það er fjarri mér, að ætla að telja nokkrum trú um að þetta komi alveg af sjálfu sér; það þarf nokkurt andlegt átak til og einlægan vilja. En þegar ég rekst á góðan mann, sem nokkurn gaum hefir gefið heimspeki minni, og þó getur ímyndað sér, að niðurstöður mínar eftir nálega 40 ára

athuganir beri að líta á sem trú en ekki vísindi, þá get ég ekki komist hjá því að halda, að þar sé um að ræða nokkurn skort á vilja til að vita hið rétta. Og að vísu einnig um skort á sannri þjóðrækni. Því að það er í augum uppi, að íslensku þjóðinni mundi verða það mikils virði, ef hér á landi kæmi fram eitthvað það, sem miðaði til þess að auðga hugsun alls mannkyns, og þess vegna þjóðræknisskylda, að gefa öllum möguleikum í þá átt nákvæmar gætur, og láta sér ekki verða það á, að troða niður það sem styðja skyldi.

II

Háskólanámi er svo háttáð, að fyrsta veturinn leggja allir stund á það sem kallað var heimspeki eða heimspekkilegt undirbúningsnám, og geta svo að loknu prófi kallað sig cand. phil., kandidat í heimspeki. Kennrar mínir í þessu veturinn 1891-2, voru þeir próf. Harald Höffding, nafn-kunnur sálfræðingur, og Bjarni Jónsson frá Vogi, mjög rökhugsandi maður. En 6 árum síðar, er ég hafði tekið loka-próf í náttúrufræði, verið hálftrár í Grænlandsför, og komið af verki sem vinna þurfti í sambandi við það, sneri ég mér aftur að heimspekinámi, og greip í það jafnan síðan, við og við. Það sem hvatti mig var löngun til að fræðast um sögu þekkingarinnar, og auðgast að yfirliti og skilningi á tilverunni. En 4 árum síðar, 1902, ásetti ég mér að fara að leggja sérstaka stund á að athuga drauma. Virtist mér sem árangur af slíku kynni að verða merkilegur. Ég hafði komist að þeirri niðurstöðu, að skoðanir heimspekinganna á eðli drauma væru mjög í lausu lofti, sannkölluð vanvísindi, og ekki hefði í þeim efnum verið lögð sú undirstaða sem ekki varð án verið. Það sem draumarannsóknarar höfðu vanrækt, var að reyna til að gera sér nógu ljósan þann afarmikla mun sem er á svefnvitund manns og vökuvitund. Það er ekki einungis, að maðurinn skiptir um meðvitund frá vöku til svefns, þannig t. d. að hann eignist í draumi endurminningar sem hann á ekki í vöku og hefir aldrei átt, heldur virðist honum hann í svefni framkvæma, sjá og heyra á þann hátt, sem ekki verður þó að hann liggi með aftur augun og reyni til að

hugsa sér að hann framkvæmi, sjái og heyri. Draumurinn er, að því er dreymandanum virðist, ekki einungis hugarástand, heldur líkamlegt líf og framkvæmd. Það kemur vel fram í hinu fróðlega yfirliti yfir sögu draumafræðinnar sem A. J. J. Ratcliff gefur í bók sinni „The Nature of Dreams“ 1939 (Um eðli drauma) hve mjög hefir á það skort að menn gerðu sér þennan mun nógu ljósan, og skildu, að það er fyrst og fremst í þá átt, sem verður að leita skilningsins á eðli draumlífsins. Einn saður sem gáfulegast mun hafa skrifað um drauma, var Alfred Maury (1817-92), háskólaprófessor í París, sem einnig hafði nokkurn áhuga á jarðfræði og landfræði. „Óteljandi eru þær bækur og ritgerðir um drauma“ - segir Ratcliff - „sem birst hafa síðan út komu ritgerðir Maurys og bók hans „Um svefn og drauma“ 1878.“ Hefir þessi framleiðsla þó einkum færst í aukana á þessari öld. En það mun vera óhætt að segja, að öllum þessum tugum þúsunda af blaðsíðum er það sameiginlegt, að skilningurinn á eðli drauma er þar ekki byrjaður. Það er dálitið líkt og menn væru að rita um stjörnurnar þannig að menn héldu, að þar væri einungis um að ræða eitthvert huglægt efni og sálfræðilegt. Jafnvel hinn mikli franski heimspekingur Henri Bergson lýsir draumnum þannig að hann sé „hugarlíf mannsins, að undanskildu öllu því sem er í tilraun áreynslu og hreyfingar líkamans“, (Ratcliff s. 84). Wilhelm Wundt, sem var brautryðjandi í þeim fræðum er tengja saman sálfræði og lífeðlisfræði, segir að draumlífið sé það, að manninum sé eðlilegt að verða brjálaður í svefni (normal temporary insanity), og er það að vísu mjög gáfulega sagt, en þó engin skýring á eðli draumlífsins. Herbart, annar frægur heimspekingur þýskur, talar um drauminn sem skuggalegt, ófullkomið og aflaga (abnormal) ástand meðvitundarinnar. Binz kallar draumlífið staðreynd um líffæraástand, aldrei til neins gagns, en stundum sjúklegt. Ratcliff lýsir í bók sinni einkum draumafræði Freuds, Adlers og Jungs, þeirra manna er oftast eru nefndir allra þeirra sem við draumarannsóknir hafa fengist. En þó að það sem þessir menn hafa ritað, hafi aukið mjög áhugann á draumum og

draumarannsóknum, þá er um það hið sama að segja og rit hinna fyrri manna, undirstöðuskilninginn á eðli drauma vantar þar gersamlega.

III

Hálfundarlegt kann það að virðast, að þeir sem slíkar rannsóknir hafa stundað, skuli ekki hafa hugleitt betur það sem læra má af því, hvernig villimenn líta á drauma sína. Um þetta er til dæmis (Ratcliff s. 27). Sir Im Thurm var á ferðalagi um Guiana í Suður-Ameríku. Einn morgun er honum var mikill hugur á að komast burt úr tjaldstað, þar sem honum hafði dvalist nokkra daga vegna veikra fylgdarmanna (Indíána), þá vildi einn af þessum mönnum, sem var þó á batavegi, ekki hreyfa sig, af því að hann var svo reiður foringjanum fyrir það, að hann hefði þá um nöttina rekið sig á fætur til þess að draga bát upp erfiða hávaða. Það reyndist ómögulegt að fá Indíánann til að skilja að hann hafði einungis dreymt þetta. Aðra fylgdarmennina dreymdi, að einhverjir hefðu þá um nöttina komið að þeim og barið þá, og vildu láta fara þar um höndum, sem þeir þóttust hafa fyrir höggunum orðið. Enn sýnir það hið sama að ef Cherokee Indíána dreymir, að naðra hafi bitið hann, þá er farið með hann eins og þá sem fyrir slíku verða. Og ef Ashantísvertingja dreymir að hann drýgi hór, þá er honum refsáð svo sem hann hefði þetta gert í raun og veru.

Villimaðurinn ályktar alveg réttilega, að það sem hann dreymir, sé lifað; en hinsvegar er þess engin von að hann hafi áttað sig á því, að það er ekki hann sjálfur, heldur einhver annar sem lifir það sem honum ber í drauma. Eða m. ö. o. vér getum ekki vænst þess að villimaðurinn hafi gert þá uppgötvun, að draumurinn kemur fram við það, að ástand einhvers annars manns — og stundum jafnvel dýrs — kemur fram í þeim sem sefur. Að átta sig á þessu, er fyrsta sporið til að hefja mannlega meðvitund á hærra stig, og var þess vitanlega engin von, að það spor yrði fyrst hjá villimönnum stigið.

IV

Þrátt fyrir hina miklu aðdáun sína á Sigmund Freud, sem ýmsir hafa talið mesta vísindamann vorra tíma, telur Ratcliff í áðurnefndri bók sinni, vafasamt að ennþá hafi náðst nokkur skilningur á eðli drauma sem viðunandi sé og varanlegur, og bætir jafnvel við (s. 164), að draumlífið hljóti alltaf að verða á takmörkum hins dularfulla og óskiljanlega. En ég segi hiklaust, og byggi þar á þúsundum af athugunum, langvinnum samanburði og vandlega íhuguðum ályktunum, að draumafræðin þarf ekki að vera vitund dultrúarkenndari en aðrir þættir náttúrufræðinnar. Það munu reynast sannindi, sem engin framtíð hrindir, að draumurinn verður til fyrir sambandsástand, og að það er rétt að tala um draumgjafa. Stórfróðleg dæmi þess að einum ber í drauma það sem annar lifir, hafa skrásett verið, og skulu nú nokkur talin.

Forstjóri dýragarðsins í Kaupmannahöfn, Julius Schiött, nafnkunnur maður, fór einn morgun snemma svo óvarlega þar í garðinum, að hvítabjörninn gat bitið hann í fingur. Fer forstjórinn þá í hús vinar síns, G. Pauli ritstjóra, sem var þar nálægt garðinum. Pauli var þá nývaknaður og segir vini sínum hvað hann hafi verið að dreyma. Hann þóttist vera staddur í dýragarðinum og hvítabjörninn beit hann. P. e. a. s. hann hafði dreymt það, sem fyrir vin hans hafði komið á sömu stundu. (Tidskr. for Psykisk Forskning Kbh. 1906 s. 14-15). Annað dæmi ágætt er þetta: Rithöfundurinn og miðillinn Horace Leaf heyrði Skota nokkurn segja draum sinn. Hann þóttist vera á leið eftir árbakka, og sér þá úti í ánni, barn, sem er að drukkna. Skotinn hleypur útí og bjargar barninu, og sér þá, að þetta er barn sem hann hefir miklar mætur á, sonur manns sem var mikill vinur hans. Draumur þessi er svo skýr og fær svo mikið á Skotann, að hann gerir sér ferð til vinar síns og segir honum drauminn. Fær hann þá að vita, að einmitt þetta sem hann hafði dreymt, hafði í raun og veru gerst, með þeim atvikum, sem honum hafði þótt í svefninum. Munurinn á draumi og veruleika var aðeins sá, að það var ekki hann heldur annar maður, sem

bjargaði drengnum. Hafði því sá maður orðið draumgjafi Skotans eins og forstjóri dýragarðsins hafði orðið draumgjafi vinar síns ritstjórans. (Horace Leaf: Under the Southern Cross 1923 s. 213-14).

ENN EITT DÆMI ER ÞETTA: Bræður tveir sofa einir sér í herbergi, og er langt á milli rúmannna. Eina nött dreymir annan þeirra að hann fari á fætur, taki sér hníf í hönd, gangi yfir að rúmi bróður síns og ætli að reka í hann hnifinn. Í þessu vaknar hann og sér þá bróður sinn standa uppi yfir sér með hníf í hendi. Hafði hann fengið óráð og ætlaði að drepa bróður sinn. (Zeitschr. für Parapsychologie. Eftir minni).

V

Það má nú telja mjög líklegt, að menn hafi miklu oftar en í frásögur er fært, dreymt þannig, að draumgjafinn var mjög augljós; og gegnir furðu nokkurri, að slíkir draumar skuli ekki fyrir löngu hafa kennt mönnum að skilja hið sanna eðli draumlífsins. En síður er ástæða til að furða sig á því, að það skuli ekki vera gömul uppgötvun, að hver maður gæti, með nógu nákvæmri athugun á sjálfum sér, gengið úr skugga um hið sanna eðli draumlífsins. Hverjum manni getur orðið það ljóst, að þegar hann vaknar af svefn, skiptir hann um meðvitund. Að sofna er réttilega kallað að gleyma sér, og þegar maðurinn vaknar, verður hann að byrja á því að uppgötva sjálfan sig. Og þó hafði hann í svefninum sjálfsvitund; en það var bara önnur sjálfsvitund en hans eigin; eða, með öðrum orðum, meðvitund einhvers annars um sjálfan sig. Petta má glöggt skilja með því að athuga það, sem oft kemur fyrir, að maður þykist í draumi sjá sjálfan sig, og þá öðruvísi útlits en í vöku. Það er **draumgjafinn** sem sér sjálfan sig, og hann er vitanlega — langoftast a. m. k. — öðruvísi í sjón en dreymandinn, sem um stundarsakir fær nokkurn þátt í lífi hans og sjálfsvitund. Petta er einföld uppgötvun og óyggjandi. En „mér er sem ég horfi á haf“, er ég hugsa um allt það, sem þessi byrjunaruppgötvun getur orðið mönnunum hjálp til að skilja; og það er eins og nokkra nýja birtu leggi þaðan yfir orðin sem stóðu

yfir dyrum frægasta helgidóms fornaldarinnar, og í því landi þar sem mestir heimspekingar hafa verið: þekktu sjálfan þig. Og það er einnig fróðlegt í þessu sambandi að íhuga það sem ítalskur læknir, dr. Omero Petri, hefir eftir hinum framliðna Nietzsche: „Tapið yður ekki í rannsóknum á því sem er fyrir utan líkama yðar. Heimurinn er allur í yðar (eigin) heila. Leggið stund á að þekkja sjálfa yður.“ („Non perdetevi in ricerche fuori del vostro corpo. Il mondo è tutto nel vostro cervello. Studiate vi stessi.“ O. Petri: Il ritorno di Federico Nietzsche, Torino 1927 s. 8).

Ratcliff nefnir í riti sínu draumaþýðingabók (Oneirokritikon) Artemidórs frá Daldis, sem er nú orðin rúmlega 1800 ára gömul; en vér fáum ekki af því sem hann segir, neina hugmynd um, hversu bók þessi er merkileg. Því að þó að það sé ekki hin ví sindalega rannsókn á eðli draumvitundarinnar, sem Artemidór hefir lagt fyrir sig, þá leynir það sér ekki, að hann hefur verið maður vitur og glöggur, vel menntaður og prýðilega ritfær. Hann skiptir draumunum í two aðalflokka, draumskrök og sanndreymi (enýpnia og oneiroi), og það er eftirtektarvert, að hann gerir ráð fyrir draumum, þar sem menn sjái sjálfa sig öðruvísí en þeir eru í vöku, þ. e. þeim draumum sem eru nægileg hjálp til að uppgötva draumgjafann. En hinn ágæti Íslendingur, stjörnufræðingurinn Oddi Helgason hefir — eins og ég hefi bent á í ritgerð í Skírni 1939 — sagt frá draumi sínum á þann hátt, að telja verður að hann hafi komist nálægt sjálfrí þessari uppgötvun.

VI

Í enska náttúrufræðitímaritinu „Nature“ 17. ág. sl. er grein eftir einn af þekktustu og víðlesnustu stjörnufræðingum vora tíma, Sir James Jeans sem heitir: „Are we alone in the Universe?“ („Erum við aleinir í alheiminum?“: Er hvergi til mannabyggð nema á vorri jörð?). Jeans er þar að rita um bók eftir annan mjög kunnan stjörnufræðing sem heitir dr. H. Spencer Jones, forstjóri stjörnuturnsins í Greenwich. En bókin heitir: „Life on other Worlds“. Um líf á öðrum jarð-

stjörnum. Komast báðir hinir ágætu stjörnufræðingar að þeirri niðurstöðu, sem óhætt er að telja mjög sennilega, að varla muni í voru sólhverfi, vera um mannlif að ræða annarsstaðar en hér á jörðu. En þegar um önnur sólhverfi er að ræða, þá sé mál þetta órannsakanlegt. Og þarf ekki að efa, að þetta er rétt, þegar miðað er við þær aðferðir stjörnufræðinnar sem enn tíðkast. Jafnvel næstu nágrannar sólar vorrar eru í 4 ljósára fjarlægð og ennþá eru engin tök á að vita, hvort jarðstjörnur fylgja þessum nágrönnum. En fjarlægustu vetrarbrautir, sem tekist hefir að ljósmynda, eru taldar vera í 250 (eða jafnvel 270) milljóna ljósára fjarlægð. — Ein ljóssekúnda er 300000 km. svo að menn geta fengið þessa ljósvegalengd með því að margfalda þá tölu með sekúndufjöldanum í 250 milljónum ára. — Bilið milli sólna-sveipanna er talið vera hb. 2 millj. ljósára að meðaltali, en sveipirnir sjálfir svo stórir, að talið er að vor vetrarbraut — og nágranni hennar í stjörnumerkinu Andromedu er a. m. k. eins stór — sé 300 milljónir ára að snúast einu sinni um sjálfa sig. Annað eins og þetta er vel lagað til að skapa oss nokkra hugmynd um mikilleika heimsins og þar með fá oss til að skilja, hversu ólíklegt það er, að vér hér á jörðu séum einu lifandi verurnar í þessum mikla heimi. En vér þurfum hér ekki að láta oss nægja líkur einar og getgátur. Vér getum í þessu efni komið rannsókn við og fært líffræðina út svo að hún nái til stjarnanna. Svo furðulegt sem það virðist — furðulegra held ég en nokkuð annað sem saga vísindanna fræðir oss um — þá er ekki nokkur vafi á því, að sú aukna þekking á sjálfum oss, sem fengin er með hinum rétta skilningi á eðli draumlífsins, verður oss leið til að uppgötva lífið á stjörnunum. Vér getum nefnilega gengið alveg úr skugga um það, að sambandsvera vor í svefni, draumgjafinn, er vanalegast íbúi einhverrar annarrar jarðstjörnu, og sennilegast, að jafnvel enginn draumur verði alveg án tilstillis íbúa annarrar stjörnu. Þetta getum vér gert oss skiljanlegt þannig. Nákvæm athugun sýnir, að oss dreymir sjaldnast það sem oss er kunnugt úr vöku. Og vér getum eigi einungis áttað oss á því, að oss dreymir það sem

við höfum aldrei í vöku séð. Vér getum einnig gert oss fullkomlega ljóst, að þetta sem vér sjáum í draumi, er alls ekki til á þessari jörð. Oss dreymir landslag, byggingar, fólk, dýr og jurtir, sem vér getum verið fullvissir um, að ekki er til á þessari jörð; og til þess að gera oss ennþá auðveldara um, getur oss dreymt stjörnuhimin slíkan, sem ekki er að sjá héðan af jörðu. Hér rædir um það, sem hver maður getur af eigin athugun gengið alveg úr skugga um, ef hann vill aðeins hug á leggja. Og þetta er auðskýrt ef vér gerum ráð fyrir, að draumgjafi vor eigi heima á einhverri annarri jarðstjörnu. En að öðrum kosti er það með öllu óskiljanlegt.

VII

Vít og stórkostlegt er það svæði, sem vísindalegum skilningi verður yfir komið, þegar vér erum sannfróðir orðnir um eðli drauma. Skulum vér nú virða nokkuð fyrir oss, í þessu sambandi, spíritismann (andatrúna eða andahyggjuna) og starf hins svonefnda andamiðils. Kemur þá í ljós, að vér getum fengið vitneskju um lífið á stjörnunum, eigi einungis með því að athuga vora eigin svefnvitund, heldur einnig með því að spryja aðra, sem eru þannig gerðir, að það má tala við þá sofandi og fá að vita hvað þá er að dreyma þá stundina. En það eru hinir svonefndu miðlar. Því að miðilsástandið er ekkert annað en afbrigði nokkurt vanalegs svefn, svefn sem er dálitið frábrugðinn því sem vanalegt er, en í aðalatriði sama eðlis. Og er mesta furða, hvað vísindamenn sem sálfræði stunda, geta enn verið fastheldnir á þann misskilning, að þegar vér tölum við einhvern sem er í miðilsvefni, þá sé það ekki annað en klofningur úr meðvitund hins sofandi miðils, sem vér höfum samband við (þegar þá ekki er um svik að ræða, svo að „miðillinn“ aðeins læst sofa). Því að það eru til athuganir sem á alveg óyggjandi hátt sýna, hversu þessi klofningsvitundarskýring er fráleit. Þarf þar ekki annað en minna á hinum stórmerkilegu rannsóknir V. N. Turveys — en hann var viðurkenndur verkfræðingur í þjónustu breska flotans —. Bókin um rannsóknir þessar kom út

1911, en vakti ekki meiri eftirtekt en það, að hún hefir ekki verið prentuð upp aftur fyrr en 1940. Skal hér aðeins sagt frá einni tilraun Turveys, enda nægir það alveg. Turvey lá heima í rúmi sínu og var kvefaður. Í öðru húsi var haldinn miðilfundur. Það sýndi sig nú, að Turvey gat fengið samband við fundarmenn gegnum hinn sofandi miðil. Og eigi einungis það. Væri miðillinn beðinn að skrifa nafnið sitt, þá skrifaði hann nafn Turveys, og það svona nokkurn veginn með rit-hönd hans; og þar að auki fékk hann aðkenningu af kvefusting og hósta hins sjúka Turveys. Miðillinn hafði í svefninum fengið sjálfsvitund Turveys, sem var orðinn draumgjafi hans. Athuganir þessar eru ágætlega vottfestar, en hafa þó ekki verið metnar að verðleikum.

Það hefir einnig komið í ljós margssinnis, þar sem ekki var verið að gera tilraunir í þessu skyni, heldur stofna til sambands við anda framliðinna, að fá má samband við lifandi menn, eigi einungis í öðru húsi sömu borgar, heldur einnig í annarri borg í sama landi, og jafnvel í öðrum heimsálfum. Fjarlægðin virðist þar ekki koma til greina. Það verður því óumflýjanlegt að spryja: Er ekki einnig hægt að fá, gegnum miðil, samband við mannkyn á öðrum jarðstjörnum, ef slík eru til? Þegar vér höfum áttað oss á því, að draumgjafi vor í vanalegum svefni, er oftast nær, eða að einhverju leyti jafnvel alltaf, íbúi annarrar stjörnu, og vitum enn fremur, að miðilsástandið er ekkert annað en afbrigði af vanalegum svefni, þá er ekki erfitt að svara þessari spurningu. Vér getum öruggir sagt, að slíkt samband við stjörnurnar hljóti að eiga sér stað. Og þegar vér förum að rannsaka þetta mál, þá finnum vér að þetta sem menn hafa haldið — og flestir sem á slíkt trúa, halda enn — vera samband við anda framliðinna í andaheimi, er einmitt samband við íbúa annarra jarðstjarna.

Hér styður hvað annað á aðdáanlegasta hátt, svo að um fulla vissu er að ræða. Og við þetta bætist svo, að vér getum gengið úr skugga um að flestir af þessum íbúum annarra stjarna, sem vér fáum samband við, eru framliðnir héðan af jörðu. Hin mikla hula, sem svo oft hefir verið talað um,

hverfur. Lífið eftir dauðann, framlífið, verður oss náttúrufræðileg staðreynd, sem ekki einungis andlegt, heldur einnig líkamlegt líf á öðrum jarðstjörnum. Vér verðum, líkt og svo oft hefir átt sér stað áður í sögu náttúruvísindanna, að færa mjög út hugmyndir vorar um endurvaxtarmátt líkamans, eða réttara sagt, endursköpunarmátt þess lífaflsvæðis, sem þar býr undir. Og hversu undursamlegt er að virða fyrir sér þessa sambandsviðleitni lífmyndanna, sem nú þegar nær stjarnanna á milli, og svo ljóslega kemur fram í draumum vorum. Vér sjáum að það er býsna langt frá því, að draumlífið sé gagnslaust og býðingarlaust, eins og merkir vísindamenn hafa þó haldið fram. Tilgangur draumlífsins er að tengja oss við hið æðra tilverustig, og þá sérstaklega við þá sem á undan eru farnir á hinni góðu leið. En til þess að þetta geti orðið, þarf draumlífið mikið að göfgast frá því sem nú er, og kemur þar til greina stillilögmálið, áhrifin frá manni til manns. Og samfara draumlífinu, þarf svefninn, sjálf lífmagnanin, að fullkomnast uns því sambandi er náð við hin æðri tilverustig, að ellihnignun, dauði og rotnun sé úr sögunni. En þegar vér vitum, að þetta getur orðið, ef rétt er lifað, fáum vér nýjan skilning og aukna aðdáun á orðum Jesú þar sem hann talar um brauðið sem „kemur niður af himni“ og veitir þeim sem neyta, fullkominn sigur á dauðanum. Það var ekki við því að búast á Austurlöndum og á þeim tínum, að þetta yrði greinilegar sagt.

VIII

Aukin þekking á eðli sjálfra vor verður til þess að vér sjáum fram á aðferð til að uppgötva og rannsaka lífið á stjörnunum, og þá jafnframt lífið eftir dauðann. Þetta er í ágætu samræmi við undangengna þróun heimsvísindanna. Það er engin furða, þó að það væri stjörnufræðingur (Arago hét hann) sem varð til að brýna það fyrir mönnum að fara varlega í að nota orðið „ómögulegt“, þegar um framtíð vísindanna væri að ræða. Það hefði einu sinni þótt firra, að ætla að halda því fram, að menn gætu fengið að vita þyngd jarðarinnar og annarra himinhnatta, eins og þeir

hefðu verið lagðir á vog. Skilningur Hookes og Newtons á því, hvernig það sem vér hér á jörðu nefnum þyngd, kemur fram í hreyfingum himinhnattanna, gerði þetta mögulegt. Eðlisfræðin fór að ná til stjarnanna. Löngu síðar var það talið með öllu ómögulegt, að nokkurntíma mundi takast að láta efnafræðina ná til stjarnanna. En þó varð einnig þetta. Aukin bekking á eðli ljóssins gerði það mögulegt.

Og ennþá eru hinir ágætustu vísindamenn þeirrar skoðunar, að vér höfum engin tök á að öðlast neina þekkingu á lífinu á stjörnunum eða jafnvel því, hvort nokkurt líf sé til annars staðar í alheimi en á vorri jörð. Og enn einu sinni hafa sannast orð Aragos. Vér getum nú þegar með vissu vitað, að aukin þekking á eðli sjálfra vor, gerir það mögulegt, að láta einnig líffræðina ná til stjarnanna.